

Örþættir úr skólasögu 2: Ný löggjöf um kennaramenntun 1988



Ó
la
f
u
r
H
·
J
ó
h
a
n
n
s
s
o
n

Skólaþræðir birta nú minningarbrot Ólafs Helga Jóhannssonar um verkefni sem hann tók að

sér á langri starfsævi og hann nefnir *Örþætti úr skólasögu*. Ólafur kom m.a. mjög að þróun kennaramenntunar, ekki síst menntun skólastjórnenda, sem og að mótun menntastefnu í aðdraganda að flutningi grunnskólans yfir til sveitarfélaganna, og að ritstjórn aðalnámskrárinnar 2011/2023. Inngang Ólafs að þessum skrifum má lesa **hér**.

Hér segir Ólafur frá þátttöku sinni í endurskoðun laga um Kennaraháskólann 1987-1988, en þar var m.a. lagður grunnur að lengingu kennaranámsins og framhaldsnámi í uppeldis- og kennslufræðum.

*Það böl er hvergi í heimi til
sem hverfur ei og dvín
ef æskan ber þér birtu og yl
og bros í augum skín.*

Freysteinn Gunnarsson (Úr skólasöng Kennaraskólans)

Dag nokkurn snemma árs 1987 sit ég á skrifstofu minni í Æfingaskóla Kennaraháskólans þar sem ég var skólastjóri. Þá hringir síminn. Á línunni er Árni Gunnarsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu. Hann hefur ekki uppi neinar málalengingar, segir að menntamálaráðherra, Sverrir Hermannsson, ætli að láta endurskoða lög um Kennaraháskólann og hyggist skipa nefnd til verksins. Ráðuneytið óski eftir því að ég gegni þar formennsku. Ég benti á að venja hefði verið að rektor skólans veitti slíkri nefnd forstöðu. Skrifstofustjórinn sat við sinn keip og eftir nokkra umhugsun féllst ég á beiðnina. Ég hafði enga reynslu af lagasmíð en fannst ögrandi að spreyta mig á þessu verkefni í góðum félagsskap. Ráðuneytið lagði áherslu á að nefndin hraðaði störfum því ætlunin væri að þessi lög yrðu afgreidd á haustþingi. Ég fékk að hafa hönd í bagga um samnefndarmenn, og um það var góð sátt.

Lesanda til glöggvunar er rétt er að rifja upp að árið 1971 voru samþykkt lög um Kennaraháskóla Íslands sem færðu menntun kennara á háskólastig. Stærstan hlut í þeirri breytingu átti Broddi Jóhannsson, skólastjóri Kennaraskólans, en hann var formaður nefndarinnar og var hann kjörinn fyrsti rektor Kennaraháskólans. Í lögunum var ákvæði um að endurskoða skyldi þau að tveimur árum liðnum. Árið 1976 var lagt fram á Alþingi nýtt frumvarp um Kennaraháskólann, en það hlaut ekki brautargengi. Broddi var einnig formaður nefndarinnar sem samdi það frumvarp (Frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands, 1976). Helsta ástæðan fyrir afdrifum þess er sennilega sú að í frumvarpinu var lagt til að öll uppeldisfræðileg menntun á háskólastigi yrði á einni hendi í Kennaraháskólanum. Þetta mætti harðri andstöðu af hendi forystu Háskóla Íslands. Ekki tókst að afgreiða málið.

Kennaraháskólinn hélt til streitu ákvæðinu um endurskoðun laganna allar götur þar til nefndin sem ég veitti formennsku var skipuð.

Með bréfi dagsettu 25. mars 1987 skipaði menntamálaráðherra nefndina sem í sátu, auk mín, Sólrún Jensdóttir skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu, Stella Guðmundsdóttir skólastjóri Hjallaskóla í Kópavogi og Þórólfur Þórlindsson prófessor við Háskóla Íslands. Ritari nefndarinnar var ráðinn Sigurjón Mýrdal, kennslu- og æfingastjóri Kennaraháskólans. Frá upphafi var ljóst að nefndin hefði knappan tíma til starfa þar sem við Sigurjón höfðum báðir ákveðið að fara utan til framhaldsnáms síðari hluta sumars. Ég þekkti þau Stellu og Þórólf vel. Stella hafði verið samstarfsmaður minn í Æfingaskólanum og Þórólfur var bekkjarbróðir minn í Kennaraskólanum. Sólrúnu hafði ég ekki kynnst. Hafði þó hitt hana í umræðubætti í útvarpinu 1. desember sem fjallaði um kennslu í samfélagsfræði sem þá stóð styr um (Loftur Guttormsson, 2013). Sólrún mætti þar sem aðstoðarmaður ráðherra, en var, þegar hér var komið sögu, embættismaður ráðuneytisins. Sigurjón hafði verið samstarfsmaður minn um árabil.

Við fengum aðstöðu hjá Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur í Tjarnargötunni og þar fór vel um okkur Sigurjón sem sinntum verkinu í fullu starfi að fengnu leyfi frá öðrum störfum. Þetta vor var kosið til Alþingis og voru fjörugar umræður í morgunkaffinu um líklegt stjórnarmynstur. Áslaug Brynjólfssdóttir fræðslustjóri var eindreginn framsóknarmaður og sama gildi um samstarfsmann hennar, Þorstein Ólafsson, sem lengi gegndi starfi yfirkennara við Laugarnesskóla. Héldu þau afdráttarlaust fram þeirri skoðun sinni að miklu skipti að Framsóknarflokkurinn yrði um borð í ríkisstjórnarskútunni. Við hin reyndum að malda í móinn til að færa fjör í leikinn.

Nefndin hélt fjölmarga samráðsfundi með hagsmunaaðilum og hafði náði samráð við rektor Kennaraháskólans, en skólastjórn KHÍ hafði mótað efnislegar tillögur sem urðu hryggjarstykkið í frumvarpinu. Einnig var tekið mið af frumvarpinu frá 1976. Vinnulag nefndarinnar var í meginatriðum þannig að eftir að efnisþættir höfðu verið afmarkaðir var tiltekinn þáttur tekinn til umræðu og dregin fram þau atriði sem þyrfti að gera skil. Við Sigurjón höfðum það heimaverkefni að skrifa drög að texta sem tekinn var til umræðu á næsta fundi og ábendingar nefndarmanna ræddar þar til niðurstaða fékkst. Ágreiningur um einstök atriði var ræddur þar til lausn var fundin sem allir gátu unað. Skoðanaskipti voru ætíð hreinskiptin og byggði það á trausti sem hafði skapast milli nefndarmanna. Ég leit svo á að Stella væri tengiliður okkar við kennarastéttina og Þórólfur annaðist tengslin við Háskóla Íslands. Sólrún sæi um að halda ráðherra upplýstum um stöðu málsins. Nefndarmenn voru á einu máli um að mikilvægt væri fyrir framgang málsins að ekki kæmi fram mikil andstaða þegar frumvarpið kæmi til umsagnar og afgreiðslu á þingi.

Nefndinni vannst vel og 21. júlí, réttum fjórum mánuðum eftir að hafist var handa, skilaði hún Birgi Ísleifi Gunnarssyni, sem tekið hafði við sem menntamálaráðherra, drögum að frumvarpi ásamt greinargerð. (Frumvarp til laga [390. mál] um Kennaraháskóla Íslands).

Þungu fargi var af okkur létt. Mig minnir að við Sigurjón höfum verið orðnir dálítið teygðir við verklok.

Frumvarpið var lagt fram á Alþingi 23. mars 1988 og þá hófst hefðbundið ferli þingmáls. Ekki komu fram stórvægilegar breytingatillögur. En þegar leið að þinglokum vaknaði grunur um að kannski hefði frumvarpið ekki eindreginn stuðning allra stjórnarliða. Jónas Pálsson rektor greindi mér frá þessum grun og var orðinn svartsýnn á að frumvarpið yrði afgreitt. Ég lagði hart að Jónasi að beita nú af fullum þunga sínu pólitíska innsæi og áhrifavaldi og safna liði til að freista þess að sannfæra með útskýringum og rökum þá þingmenn sem kynnu að vera hálfvolgir í afstöðu sinni. Fyrr væri ekki fullreynt. Svo fór að frumvarpið var afgreitt sem lög 4. maí 1988.

Þegar menntamálaráðherra mælti fyrir frumvarpinu dró hann fram sjö atriði sem hann sagði vera meginbreytingar frá gildandi lögum:

1. Skýrar er tilgreint hlutverk Kennaraháskóla Íslands sem miðstöðvar kennaramenntunar í landinu. Í frumvarpinu er kveðið á um að setja skuli í reglugerð ákvæði um samstarf Kennaraháskólans við Háskóla Íslands og aðrar stofnanir á sviði kennara- og uppeldismenntunar.
2. Kennaraháskólinn öðlast heimild til að annast framhaldsmenntun, einkum á sviði uppeldis- og kennslufræði til æðri prófgráðu en B.Ed.- eða BA-gráðu.
3. Aukin áhersla er lögð á endurmenntun kennara.
4. Almennt kennaranám er lengt úr þremur árum í fjögur ár. Tekið er upp námseiningakerfi og kveðið á um meginþætti kennaranáms á grundvelli þess.
5. Kennaraháskólanum er formlega heimilað að annast uppeldis- og kennslufræðimenntun fyrir framhaldsskólakennara.
6. Stjórnkerfi stofnunarinnar er endurskoðað með tilliti til nýrra starfssviða. Skýrari ákvæði eru um framkvæmdastjórn einstakra starfsþátta.
7. Hlutverk Kennaraháskólans sem vísindalegrar rannsóknastofnunar er skýrt. Ákvæði um Rannsóknastofnun uppeldismála í 14. og 15. gr. gildandi laga eru felld niður. Í þeirra stað er lagt til að sett verði sérstök lög um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála sem verði þá sjálfstæð vísindastofnun og samstarfsvettvangur þeirra er rannsóknum sinna á sviði uppeldis og skólamála.

Í greinargerð með frumvarpinu er tekinn upp þráður sem spunninn var í því frumvarpi sem var lagt fyrir Alþingi 1976 en þar var lögð áhersla á hversu mikilvægt væri að efla íslenskar

menntarannsóknir. Þar segir, og má kenna stíl Brodda Jóhannessonar:

Auk þess er vald hæfra manna á aðferðafræði og rannsóknartækni á sviði uppeldis- og kennslufræði beint skilyrði fyrir sjálfræði og ábyrgri ákvörðun, gildur þáttur menningarlegs sjálfstæðis og vænlegust vörn gegn hvoru sem heldur er trénun eða valdboði í uppeldisháttum. Þjálfun kennaraefna við tök móðurmáls og ofríkislausa framsetningu á sem flestum sviðum uppeldisvísinda er mikilvægur þáttur slíkra fræðslu- og rannsóknarstarfa, svo að mál fræðimanna verði hvorki einkamál þeirra né villumál alþýðu, heldur nothæft tæki hennar í umræðu og ákvörðun ... Barátta fyrir viðurkenningu löggjafans á rannsóknarþörf á sviði íslenskra uppeldismála er að vonum drjúgum eldri en löggjöf um grunnskóla. Íslensk kennarasamtök höfðu um áratuga skeið lagt áherslu á rannsóknir í þágu íslenskra barna og miðlun fræðilegra upplýsinga meðal kennara og skólamanna. Í þeim umræðum var þráfaldlega vitnað til þorsksins á miðunum og þeirrar viðhafnar, er hann nyti í fjárveitingum til rannsókna, meðan allsleysið eitt var lagt til uppeldisrannsókna. Reynsla hefur skorið úr því, að síst var ofgert við þorskin. Ef til vill eru menn nú að rumska til þeirrar vöku, að á heimari miðum hafi þörfin síst verið minni.

Eftirmáli

En kálið var ekki sopið þótt í ausuna væri komið. Þegar leið að hausti 1991 var skólinn tilbúinn með námskrá fyrir fjögurra ára kennaranám og inntöku nemenda var lokið. Því hafði verið spáð að umsóknum myndi fækka verulega við að lengja námið, en sú varð ekki raunin. Þá gerðist hið óvænta. Menntamálaráðherra, Ólafur G. Einarsson, sló á frest ákvæðinu um að lengja námið úr þremur árum í fjögur. Rökin voru að fjármagn hefði ekki fengist. Sá grunur læddist að mönnum að ekki hefði hugur fylgt máli hjá öllum við atkvæðagreiðslu í þinginu og það hefði einkum tengst lengingu námsins. Pólitíkin er ekki alltaf fyrirsjáanleg. Um þetta má lesa í viðtali við Ólaf Proppé fyrrverandi rektor Kennaraháskóla Íslands (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2008).

Eftir margra ára baráttu Kennaraháskólans um að fá heimild til að hrinda þessu ákvæði í framkvæmd, snerist yfirvöldum menntamála hugur og féllust á að lengja námið – ekki um eitt ár heldur tvö og skyldi því ljúka með M.Ed.-gráðu og var það í samræmi við tillögu skólans. Hin nýja skipan tók gildi við inntöku nemenda haustið 2009.

Ekki er ljóst hvað réði úrslitum um ákvörðun ráðherra. Nærtækasta skýringin er kannski sú staðreynd að lengd náms var ekki lengur skilgreind í lögum þegar hér var komið sögu heldur í höndum viðkomandi háskóla. Samkvæmt svo nefndri Bologna samþykkt Evrópusambandsins skyldi háskólanám vera skipulagt þannig; Baccalár próf 3 ár,

meistarapróf 2 ár og doktorspróf 2 ár (lágmark).

Heimildir

Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2008). „Kennaramenntun á tímamótum – frá jaðri að miðju“. Viðtal við Ólaf Jóhann Proppé rektor Kennaraháskólans. *Uppeldi og menntun* 17(1), bls. 11-25.

https://skemman.is/bitstream/1946/13919/9/2008_17_1_UM.pdf

Frumvarp til laga [222. mál] um Kennaraháskóla Íslands. (Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976-77).

Frumvarp til laga [390. mál] um Kennaraháskóla Íslands. (Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987-88).

Lög um Kennaraháskóla Íslands 38/1971.



Skólastjórar á námstefni á Selfossi í október 2025. Ljósmynd: Þorsteinn Sæberg.

Um höfund

Ólafur H. Jóhannsson (1943) er fæddur og uppalinn í Hnausakoti í Miðfirði. Hann stundaði almenn sveitastörf til 15 ára aldurs. Gekk í farskóla frá 9 til 12 ára og var nokkrum árum síðar tvo vetur í Reykjaskóla í Hrútafirði. Ólafur lauk kennaraprófi frá Kennaraskólanum 1966, stúdentsprófi 1968, BA-prófi frá Háskóla Íslands 1974 og meistaragráðu frá háskólanum í Bristol 1988. Hann var um árabil skólastjóri Æfingaskóla Kennaraháskólans og lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands (áður Kennaraháskóla Íslands).



Grein birt 29. desember 2025